



Náttúrufræðistofa Kópavogs

Natural History Museum of Kópavogur

Hamraborg 6 A · IS-200 Kópavogur · Iceland

www.natkop.is

Kópavogi, 5. febrúar 2015

Einar Jónsson
Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um Lansskipulagsstefnu 2015-2026

Á nokkrum stöðum í landsskipulagsstefnunni er fjallað um umgengi við náttúruna, kveðið er á að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum. Sjá t.d. eftirfarandi kafla:

1.1 Víðerni og náttúrugæði. Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verð- mætra menningarminja.

“**1.1.1 Skipulagsákvæði um náttúru og víðerni.** Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst.”

“**1.1.2 Sjálfbær gróðurframvinda.** Áhersla landsskipulagsstefnu á sjálfbæra gróðurframvindu á miðhálandinu verði m.a. útfærð með ákvæðum í aðalskipulagi um beitarsvæði í samráði við bændur og Landgræðslu ríkisins. Þau miði að því að beitar álag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að endurheimta og styrkja náttúruleg vistkerfi og draga úr jarðvegseyðingu”

“**1.1.5 Umhverfismat.** Við umhverfismat áætlana og framkvæmda á miðhálandinu verði lagt mat á áhrif áætlunar/framkvæmdar á víðerni og hve mikil rýrnun eða eftir atvikum endurheimt verður á víðernum.”

Í þessu ljósi viljum við benda á og leggja áherslu á að inn í landsskipulagsstefnuna komi ákvæði um það með kvaða hætti eigi að fylgjast með náttúrunni. Setja þarf á koppinn áætlunir um vöktun á hinum ýmsu þáttum náttúrunnar. Nauðsynlegt er að fylgjast með náttúrulegri þróun í vistkerfunum þannig að menn geti kortlagt hvort breytingar séu „náttúrulegar“, tengdar framkvæmdum eða mannlegum athöfnum. Inn í kafla 1.1.5 vantar orðin vistkerfi og/eða náttúrugæði eins og í öðrum undirköflum í kafla 1.

Hér er þetta sett fram í ljósi kafa 1 en það sama á við bæði um kafla 2, skipulag í dreifbý, vísast þar í kafla 2.2.....

2.2 Umhverfis- og menningargæði. Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og **verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru** og menningar og sögu sem felst meðal annars í byggingararfi og landslagi.

...kafla 3

3.3.2 Heilnæmt umhverfi. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að **heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.** Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

...og kafla 4

4.1 Sjálfbær nýting auðlinda. Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem **viðhaldið er heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins.** Skipulags- ákvarðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggji á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í þessu skjali eru gulmerktur texti þar sem vöktun umhverfispátta er mikilvæg til að hægt sé fylgja þessum ákvæðum eftir.